

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Ragnar Sigurjónsson <icegordon@gmail.com>  
**Sent:** þriðjudagur, 9. júlí 2024 08:40  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Frárennslisvandræði Brandshúsum 4

Sæl Hulda

í framhaldi af viðræðum sem ég átti við þig um daginn um endalaus vandræði með frárennslisvið Brandshús 4 að þá gerist það núna enn eina ferðina að það flæðir allt hér upp úr niðurföllum á neðri hæðinni.

Eftir að hafa rætt við íbúa hér í hverfinu að þá virðist það vera að þeir aðilar sem eru fyrir ofan veg finni ekki fyrir neinum vandræðum hjá sér varðandi frárennslisvið en þeir sem búa neðan vegar lendi í alls kyns ógöngum.

Þegar kallað var í hreinsibíl í desember 2022 þá þræddi sá aðili suguna langleiðina upp að húsi nr. 1 - til þess að geta losað stífluna. Það segir sig sjálf að það er alveg galið.

Í gegnum árin hafa komið upp tilvik einu sinni til tvisvar á ári en eins og staðan er í dag að þá er þetta orðið að mánaðarlegum viðburði. Þetta hefur gerst þegar við höfum ekki verið heima. Eins gerist þetta án þess að þvottavél eða sturta séu í notkun. Eru íbúar orðnir langþreyttir á ástandinu.

Hér með er formlega farið fram á að sveitarfélagið kanni ástand, staðsetningar og tengingar frárennslislagna hér við Brandshús 4 og fari í viðeigandi framkvæmdir til þess að koma þessum málum í lag.

Með vinsemd og kveðju,  
Ragnar Sigurjónsson

--

[canis.is](http://canis.is)

Litli hunda og hænuskólinn.

Ragnar Sigurjónsson  
Brandshúsum 4  
Flóahreppi  
803 Selfoss  
Iceland  
5343565 / 8203565